

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlun hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 266, 6. maí 1986.

Íðnaðarráðuneytinu, 15. janúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á starfssvæðum
landshlutasamtaka sveitarfélaga.**

Samkvæmt 1. mgr. 104. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið staðfest starfssvæði eftirtalinna landshlutasamtaka sveitarfélaga:

Starfssvæði Fjórðungssambands Norðlendinga takmarkast af Hrutafjarðará að vestan og Gunnólfsvíkurfjalli að austan.

Starfssvæði samtaka sunnlenskra sveitarfélaga nær yfir Suðurlandskjördæmi, þ.e. Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Selfoss og Vestmannaeyjar.

Starfssvæði Fjóðrungssambands Vestfirðinga nær yfir allt Vestfjarðakjördæmi, þ.e. Austur-Barðastrandasýslu, Vestur-Barðastrandasýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað og Strandasýslu.

Starfssvæði Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi nær yfir Austurlandskjördæmi, þ.e. Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Eskifjarðarkaupstað, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. janúar 1987.

Alexander Stefánsson.

Þórhildur Líndal.